

58. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 28. janúar 2010 á skrifstofu sveitarfélagsins, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn. Fundur hófst kl:17:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Sigurður Ragnar Kristinsson, Eyþór Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Hulda Sigurðardóttir, Agnar Jónsson, Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort að einhver gerði athugasemd við fundarboðun. Oddviti óskaði eftir að bæta við fundargerð sem barst í dag undir liðnum fundargerðir nefnda.

Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða

- a. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 14. jan. 2010
Lögð fram til kynningar.
- b. Fundargerð húsnæðisnefndar dags. 20. jan. 2010
Í fundargerðinni er kauptilboð í Pálmholt 8 að upphæð kr. 6.000.000,-
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- c. Fundargerð fræðslu- og menningarnefndar dags. 17. des. 2009
Lögð fram til kynningar.
- d. Fundargerð íþróttta- og tómstundanefndar dags. 10. des. 2009
Í 1. lið er fjallað um uppsetningu klifurveggs í íþróttamiðstöðinni og er það að frumkvæði UMFL í samvinnu við Björgunarsveitina Hafliða og Langanesbyggð. Kostnaður á Langanesbyggð yrði á bilinu 180-200 þús.
Samþykkt samhljóða
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- e. Fundargerð USB dags. 21. jan. 2010
 - Í lið eitt í fundargerðinni er sótt um byggingarleyfi fyrir bílskúr að Fjarðarvegi 39
Samþykkt með fyrirvara um að byggingin verði kynnt nágrönnum.
 - Í lið fjögur er sótt um klæðningu og endurbætur á Fjarðarvegi 14 og að fjarlægja skúr við húsið.
Sveitarstjórn frestar ákvörðun og sveitarstjóra falið að fá umsögn byggingafulltrúa um ástand hússins og upplýsingar hjá umsækjanda um fyrirhugaðar framkvæmdir og notkun hússins að framkvæmdum loknum, þar sem gert er ráð fyrir að húsið sé rífið á gildandi aðalskipulagi.
- f. Skýrsla sveitarstjóra.
Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.
- g. Fundargerð fræðslu- og menningarnefndar dags. 27.01.2010
 - 1) *Gjaldskrá grunn- og leikskóla Langanesbyggðar. Hækkun er almennt 10-15% og gjaldskrá er samræmd milli skóla. Málið fékk töluverða umræðu. Fræðslunefnd leggur til að liðurinn mjólkurgjald verði felldur niður en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir. Gjaldskráin er sambærileg við gjaldskrár í nágrannasveitarfélögum.*

Tónlistarskóli

Gjaldskrá Tónlistarskóla er kr. **20.700.-** hver önn og skal innheimtast í upphafi annar.

Skólamötuneyti

Hver máltíð kostar kr. **405.-** og skal innheimtast mánaðarlega.

Gjaldskrá leikskóla Langanesbyggðar, Barnabóls á Þórshöfn og Krakkakots á Bakkafirði

frá 1. febrúar 2010

Fjöldi tíma	Almennt gjald	15% Systkina afsláttur með hverju barni	25% afsláttur f.einstæða foreldra með hverju barni.
4 tímar	8.223	6.990	6.167
5 tímar	10.280	8.738	7.710
6 tímar	12.337	10.486	9.253
7 tímar	14.438	12.272	10.829
8 tímar	16.445	13.978	12.334
9 tímar	18.502	15.727	13.877

Fæðisgjald

Morgunverður	1.392 krónur eða 69 krónur máltíðin
Hádegisverður	4.428 krónur eða 221 króna máltíðin
Síðdegishressing	1.392 krónur eða 70 krónur máltíðin
Mjólkurgjald	498 krónur eða 25 krónur máltíðin

Önnur gjöld

¼ gjald	800 krónur/barn á mánuði
½ gjald	1.500 krónur/barn á mánuði
Gjald í foreldrasjóð	300 krónur á mánuði Systkini 400 krónur
Auka Klukkustund	300 krónur

Afslættir reiknast einungis af leikskólagjaldi en ekki öðrum gjöldum .

¼ gjald miðast við hvert korter – ½ gjald miðast við hverjar 30 mínútur

*Gjaldskráin samþykkt samhljóða
Fundargerðin lögð fram til samþykktar.*

2. Innsend erindi

a. Erindi frá Eyþingi dags. 5. jan. 2010.

Skipting árgjalda fyrir árið 2010. Í bréfi frá Eyþingi kemur fram að unnið er að nýjum samningsdrögum. Gert ráð fyrir að samningsforsendur verði óbreyttar og mun kostnaður Langanesbyggðar fyrir árið 2010 verða kr.122.977,-

Áætlunin samþykkt samhljóða.

b. Samningur um sérfræðipjónustu.

Um er að ræða samning á milli Langanesbyggðar og Norðurþings þar sem Norðurþing mun þjónusta eftirtalda liði: Sérfræðipjónustu við leik-og grunnskóla, barnavernd og félagsþjónustu. Áætlaður kostnaður fyrir þjónustuna er kr.11.837.- pr. íbúa

Samþykkt samhljóða að ganga til samninga

c. Viljayfirlýsing ríkis- og sveitarfélaga um tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

d. Reglur um afslátt á fasteignaskatti í Langanesbyggð.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum í Langanesbyggð árið 2010.

I. Tekjutengdur afsláttur, 20.000 krónur.

1. gr.

Ellis- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Langanesbyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Langanesbyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Afslátturinn er tekjutengdur sbr. 4. og 5. grein.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðaeigendur með lögheimili í Langanesbyggð sem búa í eigin íbúð og:

a) eru 67 ára á árinu eða eldri eða

b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2010.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr.

Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að 20.000 krónur en getur aldrei orðið hærri en álagður fasteignaskattur.

Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna ársins 2008, samkvæmt skattframtali 2009. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

a) með tekjur allt að kr. 1.864.000, fullur afsláttur skv. 4. gr.

b) með tekjur yfir kr. 2.960.000, enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

a) með tekjur allt að kr. 2.641.000, fullur afsláttur skv. 4. gr.

b) með tekjur yfir kr. 3.899.000, enginn afsláttur.

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

II. Breyting á högum umsækjenda.

6. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er fjárreiðudeild heimilt að víkja frá 2. og 5. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

a) þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.

b) ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.

c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmönnum. Lækkun samkvæmt þessari grein skal staðfest af fjármálastjóra (sveitarstjóra).

III. Umsókn.

7. gr.

Afsláttur samkvæmt 4. og 5. gr. til elli- og örorkulífeyrisþega skal reikna við álagningu og er birtur á álagningarseðli.

Telji íbúðareigandi sig eigi fá afslátt sem hann á rétt á skv. reglum þessum, skal sækja um afslátt af fasteignaskatti á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu Langanesbyggðar. Með umsókn skal skila afriti af skattframtali síðastliðins árs, (tekjur ársins 2008) staðfestu af skattstjóra ásamt örorkuskírteini þegar það á við.

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2010.

Samþykkt samhljóða

e. Gjaldskrá fyrir félagslega heimþjónustu.

Afgreiðslu frestað til febrúarloka þar sem ný gjaldskrá frá Félagsþjónustu Norðurþings verður ekki samþykkt fyrr en um miðjan mánuðinn.

Samþykkt samhljóða.

f. Framlög á fjárlögum 2010

Í bréfi frá fjárlaganefnd kemur fram að Langanesbyggð hefur fengið úr fjárhagslið ýmis verkefni kr.1,5 m. vegna Strandabús og úr lið nýsköpunar og markaðsmála kr. 0,8 m. vegna Drekasvæðis. Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar fjárlaganefnd fyrir þennan stuðning við verkefni og er sveitarstjóra falið að koma því til skila.

Samþykkt samhljóða.

g. Bréf frá Fjármálaeftirlitinu dags. 18. jan. 2010

Í bréfi frá FME er verið að ítreka ákvörðun um stjórnvaldssekt vegna vanskila á innherjalistum. Á sveitarstjórnarfundum sem haldinn var 17. sept. 2009 hafnaði Langanesbyggð alfarið kröfu FME þar sem hún var að engu rökstudd og stendur sú bókun enn. Sveitarstjóra er falið að vinna áfram í málinu í samvinnu við lögfræðisvið Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða

h. Kaupsamningur vegna kaupa á Fjarðarvegi 3

Fyrir liggur kaupsamningur að upphæð kr. 5.000.000,- vegna kaupa á skrifstofuhúsnæði Langanesbyggðar við Fjarðarveg 3, Þórshöfn. Sveitarfélagið nýtir forkaupsrétt sinn á eigninni og greiðist hún á eftirfarandi hátt, kr. 4.100.000,- við undirskrift og kr. 900.000,- sem áður hafa verið greiddar samkvæmt húsaleigusamningi.

Samþykkt samhljóða.

i. Þriggja ára áætlun, seinni umræða.

Nokkur umræða fór fram um áætlunina og hún samþykkt með 6 atkvæðum, Hulda Sigurðardóttir sat hjá.

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 20:05.